

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. Nóvember 2020
Tilvísun: OS2020100131/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að draga úr notkun pálmaolíu á Íslandi.

Vísað er til beiðni um umsögn vegna 112. máls um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að draga úr notkun pálmaolíu á Íslandi.

Orkustofnun hefur eftirlit með lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, sem byggir á tilskipun 2009/28/EB (RED I), en þar eru settar fram kröfur um að endurnýjanlegt eldsneyti sé unnið með sjálfbærum hætti og dragi sannarlega úr losun koltvísýrings samanborið við jarðefnaeldsneyti. Krafist er vottunar um sjálfbæra framleiðslu alls endurnýjanlegs eldsneytis sem selt er til samgangna á Íslandi í samræmi við fyrrnefnda tilskipun. Með vísan til sömu laga má nefna að eldsneyti sem unnið er úr úrgangi fær tvöfalt vægi á við annað eldsneyti. Þannig telur t.a.m. metan og lífdísill, sem framleiddur er úr sláturúrgangi, tvöfalt á við eldsneyti sem framleitt er úr fódurplöntum eins og pálmaolíu. Þetta er gert til að auka vægi eldsneytis sem ekki hefur áhrif á fæðuframleiðslu.

Með nýrri tilskipun 2018/2001/EB (RED II), sem tekur við af tilskipun 2009/28/EB (RED I), á árinu 2021 er stefnt að enn harðari kröfum hvað varðar endurnýjanlegt eldsneyti unnu úr fódurplöntum (1 kynslóðar eldsneyti) þar sem stefnt er að hröðum samdrætti í notkun fram til ársins 2030. Strax árið 2020 eru settar kröfur um að eldsneyti unnið úr fódurplöntum megi ekki vera meira en 1% umfram gildi ársins 2020 en þó ekki hærra en 7 % af heildarorkunotkun í samgöngum á landi.

Þá verða enn frekar sett sérstök takmörk á eldsneyti sem framleitt er með hráefni sem hægt er að tengja við mikla óbeina breytingu á landnotkun (e. high indirect land-use change, high ILUC), s.s. ruðning inn á skóglendi eða votlendi. Eldsneyti sem framleitt er með slíku hráefni skal ekki hafa hærra hlutfall af heildarorkunotkun í samgöngum en það hafði árið 2019 fram til loka árs 2023. Frá og með 2024 skal það hlutfall minnka og útilokað með öllu árið 2030. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar¹ skýrir nánar frá þessari skilgreiningu svo og skýrsla² sem henni fylgdi. Þar kemur fram að pálmaolía sé eina hráefnið sem fellur undir slíka skilgreiningu og verður því eldsneyti sem framleitt er úr pálmaolíu takmarkað frá 2024.

Orkustofnun vill einnig vekja athygli á möguleikanum sem gefinn er í tilskipun RED II sem opnar á vottun sem staðfestir að hráefni hafi litla óbeina breytingu á landnotkun (low indirect land-use change, low ILUC). Sem dæmi gæti slíkt hráefni verið ræktað á landi sem hefur verið ónotað og geymir ekki miklar kolefnisbirgðir. Eldsneyti sem væri framleitt með slíku vottuðu hráefni og uppfyllir sjálfbærni viðmið mætti telja endurnýjanlegt og þyrfti ekki að dragast saman til ársins 2030 en myndi þó telja upp í 7% hámarkið. Væntanleg er sérstök reglugerð sem betur

¹ https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=uriserv:OJ.L_.2019.133.01.0001.01.ENG&toc=OJ:L:2019:133:TOC

² <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1558977620744&uri=CELEX:52019DC0142>

skilgreinir umgjörð um slíka vottun. Slíkt hráefni gæti verið pálmaolía og því gæti verið varasamt að banna pálmaolíu sem hráefni með öllu.

Orkustofnun telur mögulegt að flýta fyrir þessu ferli í innleiðingarferli tilskipunar RED II, verði hún tekin inn í EES samninginn. Það skal þó gert eftir skoðun á möguleikum eldsneytissala og -birgja til að ná skuldbindingum sínum sem settar eru með lögum um endurnýjanlegt eldsneyti og reglugerð um gæði eldsneytis, nr. 960/2016. Einnig verði horft til þess að tímamörk miði við innkaupaferli og samningagerð hagsmunaaðila og gefi nægan tíma til að undirbúa slíkar takmarkanir.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Harpa Þórunn Pétursdóttir
Lögfræðingur



Jón Ásgeir Haukdal Þorvaldsson
Sérfræðingur